



Bókasafn Reykjaneshæjar

heilsulind hugans

Hafnargötu 57, 230 Reykjaneshæ, sími 421 6770



Ársskýrsla fyrir árið 2012

Efnisyfirlit:

- Hagnýtar upplýsingar
 - Lykiltölur 2012
 - Hlutverk
 - Leiðarljós
 - Markmið
 - Leiðir að markmiðum
 - Aðsetur
 - Opnunartími
 - Starfsfólk
 - Húsnæði
 - Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
 - Rafrænn aðgangur
 - Rekstrartölur
 - Helstu verkefni ársins
 - Menningsarvið
- Aðfangadeild
 - Hlutverk
 - Safnkostur
- Barna- og unglíngastarf
 - Sögustundir/heimsóknir
 - Aðrar heimsóknir og móttökur
 - Samstarfsverkefni
 - Erindi og beiðnir
 - Sumarlestur
 - Listýningar leikskólabarna og þemasýningar
 - Koffort
 - Gaman að lesa saman
 - Laugardagar fjölskyldudagar
 - Sögupokar
 - Norræna bókasafnavikan
 - Hnokka-, barna- og unglíngadeild
- Endurvinnsla
- Fjölmenning
 - Fjölmenningardagur
 - Þjónusta við hælisleitendur
 - Listi yfri pólskan safnkost
 - Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 - Þýðingar
- Heimsendingar
 - Tölur yfir útlán
 - Samstarf við Blindrabókasafn
- Kynningar- og markaðsmál ásamt menningarviðburðum
 - Teymisvinna
 - Viðburðir
 - Kynning á bókmenntaarfinum
 - Sýningar
 - Auglýsingatorg
 - Greinar og erindi
 - Póstlisti
 - Hönnun og önnur markaðssetning
- Tölvu- og tæknimál
 - Tölvueign
 - Forrit og kerfi
- Upplýsingadeild
 - Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
 - Millisafnalán
 - Handbækur
 - Notendaþjónusta
 - Upplýsingavakt
- Útlánadeild
 - Verksvið
 - Útlán
- Vefur Bókasafns Reykjanesbæjar
 - Teymisvinna
 - Vefur
 - Fréttaskrif og efnisöflun á vef
 - Hönnun og myndvinnsla
 - Facebook
- Viðgerðir og bókbænd
 - Yfirlit yfir heimsóknir, ferðir, samstarfsverkefni, fundi, erindi, ráðstefnur og nám/námskeið
- Þjónustusamningur við Keili
 - Hagnýtar upplýsingar
 - Hlutverk bókasafns Keilis
 - Áherslur bókasafns Keilis
 - Námskeið og fundir
 - Kynningar

Forsíðumynd tók Svanhildur Eiríksdóttir af leikskólabörnum að æfa sig í lestri

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

LYKILTÖLUR 2012: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 111.100 (117.113)

Útlán á íbúa: 7,9 (8,4)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2011 voru 101.591 (107.134)

Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls 944 (1.140)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 7.950 (8.959)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 619

Millisafnalán voru 4.169 (4.263)

Fjöldi lánþegar með gild kort 31. desember 2012 um 3.000 (3.018)

Gestir: 76.648 (72.639), að meðaltali 268 (290) manns á dag

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir: 81 (81)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 7 (4)

Sumarlestur: 293 (204) börn tóku þátt

Þjónustutími: 51 klst á viku yfir veturinn / 45 klst á viku yfir sumarið (45 /45)

Þjónustudagar: 286 (252)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2012: 70.328 (69.522)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2012: 8 (9). Stöðugildi 5,85 (6,80) auk 75% stöðugildis vegna þjónustusamnings við Keili.

Hlutverk skv. 1. gr. laga nr. 36/1997

Almenningsbókasöfn eru upplýsinga- og menningarstofnanir. Hlutverk þeirra er að veita fólki, bæði börnum og fullorðnum, greiðan aðgang að fjölbreyttum bókakosti og öðrum miðlunargögnum, þar á meðal tölvubúnaði og upplýsingum á tölvutæku formi. Þau skulu efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum. Söfnin skulu hvert á sínu þjónustusvæði kappkosta að vera menningarstarfi og atvinnulífi til styrktar og hafa tiltækar upplýsingar fyrir almenning um opinberar stofnanir og þjónustu. Markmið þeirra skal vera að efla íslenska tungu, stuðla að símenntun og örva lestraráhuga.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós (endurskoðuð 2008):

Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun.

Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, víðsýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lifandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun. Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tónlistar og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna www.gegnir.is, hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrannabyggðir í Atthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.

Aðsetur: Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Kjarna, Hafnargötu 57 í Reykjanesbæ.
Póstfang 230. Sími 421 6770, bréfasími 421 3150. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, veffang: reykjanesbaer.is/bokasafn

Opnunartími: Safnið er opið mánud. – föstud. kl. 10-19 og laugardaga 10-16, lokað á laugardögum í júní, júlí og ágúst.

Húsnæði: Safnið er í 800 m² húsnæði á jarðhæð auk 230 m² geymslurými í kjallara.

Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél: Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is

Rekstrartölur: Endurskoðuðu fjárhagsáætlun 2012 hljóðar upp 68.060.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 8.76.500 kr. og launakostnaður 48.120.000.

Starfsfólk: Í árslok 2012 voru 8 (9) starfsmenn á safninu í 5,85 (6.80) auk 0,75 vegna þjónustusamning svið Keili. Þeir eru: Guðríður Anna Waage, Hulda Björk Þorkelsdóttir, Kolbrún Björk Sveinsdóttir, Ragnhildur Árnadóttir, Rannveig L. Garðarsdóttir, Stefanía Gunnarsdóttir, Svanhildur Eiríksdóttir og Þór Fjalal Hallgrímsson. Auk þess voru Aron Leifsson, Nína Carol Bustos, Steinar S. Jóhannsson og Þórey Garðarsdóttir í afleysingum. Birna Þórðardóttir hvarf til annarra starfa á árinu. Í starfsþjálfun voru Linda og Ívar úr FS og Sólveig frá Samvinnu.

Helstu verkefni ársins: Þjónustusamningur um bókasafns- og upplýsingaþjónustu fyrir nemendur Keilis var endurnýjaður á árinu. Þjónusta tengd námsfólki verður sífellt fyrirferðameiri í starfseminni. Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Menningarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókmenntaarfinum. Aukin áhersla var lögð á markaðssetningu og að vekja áhuga á bóklestri. Afgreiðslutíma safnsins var lengdur aftur í ársbyrjun, opið var frá 10-19 virka daga allt árið og 10-16 á laugardögum yfir vetrarmánuðina. Áframhaldandi áttak var gert í grisjun. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin.

Menningarsvið

Valgerður Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri menningarsviðs. Menningarráð skipa þau Björk Þorsteinsdóttir, formaður, Sigurgestur Guðlaugsson og Jóhann Már Smárason.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóða reglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfalli birtist á www.eggnir.is og www.leitir.is.

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldi fjölbreyttur **safnkostur** Bókasafns Reykjanesbæjar í lok 2012 alls **70.328** eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í : 4.422 eintök tímarita, 703 hljóðbækur, 705 hljóðdiska og 814 DVD myndir. Tekist hefur að halda bókakostinum í jafnvægi þetta árið, þ.e. grisjun hefur verið í samræmi við nýskráningu. Mismunur milli ára innan við eitt þús. eintök. Þannig skiptast elstu og mest notuðu bækur og tímarit út fyrir nýtt efni sem kemur inn.



BARNA- OG UNGLINGASTARF

Í septemberbyrjun tók Kolbrún Björk Sveinsdóttir við barna- og unglíngastarfinu og Svanhildur fór í útlánadeild og sérverkefni í 50% starfshlutfalli.

Sögustundir/heimsóknir: Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). Svanhildur sinnti sögustundum á vorönn. 8 leikskólar af 10 komu í reglulegar heimsóknir, mismikið eftir fjarlægð leikskólanna frá Bókasafni, vegna almenningsgangna og eftir aðstæðum á hverjum stað. Skráðar sögustundir á vorönn voru samtals 47.

Haust 2012 voru heimsóknir leikskóla í Reykjanesbæ 34 talsins og heimsóknir grunnskóla voru 6 talsins á haustönn. Óskað var eftir kynningu á safninu og safngögnum og lesið var upp úr nýrri bók fyrir krakkana.

Aðrar heimsóknir og móttökur: Ein grunnskólaheimsókn var á vorönn. Hópur frá félagsþjónustu Reykjanesbæjar koma í heimsókn um mitt sumar til að kynna safninu. Forstöðumaður Bókasafnsins á Eskifirði heimsótti safnið. 27 starfsmenn leikskólans Bakkabergs í Reykjavík komu og fengu kynningu og upplýsingar um sögupokana okkar. Öskudagurinn var líflegur að vanda, við gáfum siliconarmbönd með áletruninni „Það er snilld að lesa“ fyrir söng. Rúmlega 430 armbönd runnu út.

Samstarfsverkefni: Barnabókavörður tók þátt í umræðum sem vörðuðu barna- og unglíngastarfið á vorönn á póstlistum um málefni bókasafna, ásamt almennum umræðum þegar við átti. Bókasafn Reykjanesbæjar hefur lengi tekið þátt í verkefni Borgarbókasafns, Barnabókaverðlaununum, þar sem börnum á aldrinum 6-12 ára er gefinn kostur á að velja 3 bestu barnabækur útgefnar á viðkomandi ári. 404 börn í Reykjanesbæ tóku þátt. Þær

bækur sem börnunum þóttu bestar árið 2012 voru *Skemmtibók Sveppa* eftir Sverrir Þór Sverrisson og *Dagbók Kidda klaufa : ekki í herinn!* eftir Jeff Kinney í þýðingu Helga Jónssonar.

Erindi og beiðnir: Lagðar voru fram tillögur um bækur á bókalista sem hentar lestrarverkefninu „Bók í hönd og þér halda engin bönd“ og fara eiga í handbók með verkefninu sem Ásdísi Hrönn Jónsdóttir var að vinna að. Tekinn var saman lista fyrir nema í fötlunarfræðum við HÍ um bækur þar sem fjallað er um börn eða unglunga með einhvers konar skerðingu, sýnilega eða ósýnilega eða fatlað fólk í umhverfi þeirra. Svanhildur flutti erindi á foreldrafundum 1., 2. og 3. bekkja í Heiðarskóla. Erindið fjallaði um mikilvægi lesturs og um þjónustu Bóka-safnsins, alls 3 erindi sama dag.

Svanhildur sá um að stytta sögu Herdísar Egilsdóttur, Sigga og skessan á Suðurnesjum til að lesa upp í Skessuhelli að ósk framkvæmdastjóra menningarsviðs. Það var gert í samráði við Herdísi og dóttur hennar og Svanhildur las svo inn á upptöku í hljóðveri Geimsteins 9. maí og síðan í eigin persónu í hellinum sjálfum á Barnahátíð, 13. maí. Leikskólastjóri Gefnarborgar í Garði fékk upplýsingar um þátttöku læsra barna á leið í grunnskóla í sumarlestri. Fjallakonuna í Keflavík fékk aðstoð við undirbúning upplesturs ljóðs á 17. júní.

Skipuleggjendur Jólamarkaðsins í Kjarna voru aðstoðaðar varðandi hugmynd sem þær voru að undirbúa fyrir leikskólabörn; keðjuskrif á jólasögu og las Svanhildur söguna fyrir einn hópinn.

Sumarlestur: Í ár var búið til fiskabúr og varð hver þátttakandi svamlandi fiskur í búrinu. Þáttökumet var slegið 293 skráðu sig til leiks og þátttakendum fjölgaði um 89. Í fyrsta sinn í ár var læsum börnum á leið í grunnskóla (í síðusta árgangi leikskólanna) boðið að vera með, enda mikil áhersla lögð á stafainnlögn og læsi í nokkrum leikskólanna. Uppskeruhátíð var haldin 8. september, á alþjóðlegum degi læsis og var Ragnheiður Gestsdóttir gestur að þessu sinni. Mjög góð mæting var á uppskeruhátína. 3 börn voru dregin úr þátttökupotti sumarlesturs, þau Ásdís Birta Hafþórsdóttir 6 ára, Carmen Diljá Guðbjartsdóttir 8 ára og Gabriel Aron Sævarsson 6 ára. Fengu þau að launum bókina *Ef væri ég söngvari* sem gestur hátíðarinnar, Ragnheiður Gestsdóttir tók saman og myndskreytti.

Listsýningar leikskólabarna og þemasýningar: Allir leikskólarnir 10 sýndu verk á listsýningum leikskólabarna. Fyrsta sýningin hófst 7. maí og þeirri síðustu lauk 12. september. Sýningarnar stóðu samfleytt í 20 vikur og gáfu Bókasafninu lit yfir sumarið. Þórrasýning frá Holti, Akri og Akurskóla á þorra sem er árlegt samstarfsverkefni skólanna og alltaf áhugi að sýna afraksturinn á Bókasafninu.

Koffort: 9 leikskólar óskað eftir kofforti í leikskólann eftir endurskoðun verkefnisins 2011. Koffortið var sótt að hausti og nokkru síðar voru bætt við 17 nýjum titlum í öll koffortin 9. Samtals 1121 bók er í 9 koffortum í jafn mörgum leikskólum.

Gaman að lesa saman: Sama staða, leikskólar kalla eftir kynningarbæklingum eftir þörfum. Ekki þurfti að fjölga bókum á árinu.

Laugardagar fjölskyldudagar: Aftur varð opið á laugardögum og því enn á ný hægt að auglýsa laugardaga sem fjölskyldudaga á Bókasafninu, með sögupokum og þroskaleikföngum í hnokkadeild.

Sögupokar: 2 pokar fara í hnokkadeild alla laugardaga. Markmiðið með sögupokunum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafli og sköpunargleði barna. Í hverjum sögupoka er bók og dót tengt sögunni.

Norræna bókasafnavikan: Í ár var ákveðið að leggja áherslu á drengi sem lesendur og texti ársins fyrir börn og unglunga var frá Svíþjóð úr bók um fótoltakappann Zlatan Ibrahimovich. Haft var samband við tvo íslenska fótoltamenn af Suðurnesjum sem stundað hafa atvinnumennsku erlendis og þekkja til Zlatans og fótoltaliðum drengja (Njarðvík og Keflavík, 4. – 7. flokkur) í Reykjanesbæ sérstaklega boðið að koma. Var mjög vel mætt og látið vel af viðburðinum.

Hnokka-, barna- og unglingadeild: Breytingarnar sem farið var í undir árslok 2011 hafa gefið góða raun. Á þessu ári kom sófi inn í skot sem útbúið var fyrir ungt fólk. Jákvað viðbrögð hafa verið við honum, ekki síður hjá þreyttum námsmönnum, sem finnst gott að breyta um stöður við námið. Huga ætti að fleiri „hægindasætum“ í nýjum húsakynnum.

ENDURVINNSLA

Bókasafnið hóf endurvinnslu á árinu og mótaði umhverfisstefnu þar sem áhersla er lögð á að endurnýta allt sem hægt er að endurnýta af því sem fellur til í starfsemi bæði frá matartímum starfsfólks og frá gestum. Starfsfólk í ræstingu kemur að framkvæmd stefnunnar með starfsfólki.

FJÖLMENNING

Fjölmeningardagur var haldinn hátíðlegur þann 5. maí 2012. Fjölmargir komu að undirbúningi og var dagurinn mjög vel heppnaður í alla staði.

Þjónustu við hælisleitendur: Hver hælisleitandi fær bókasafnskort án endurgjalds og því fylgir aðgangur að tölvu í allt að klukkustund á dag. Þetta er í samstarfi við FFR.

Listi yfir pólskan safnkost: Búið er að vinna lista yfir skráðar barna- og unglingabækur og skáldsögur á pólsku á Bókasafni Reykjanesbæjar. Verið er að vinna að lista yfir pólskar flokkabækur bókasafnsins.

Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum: Hulda Björk og Kolbrún Björk tóku á móti landnemaskóla MSS og kynntu fyrir þeim safnið. Ætlunin er að vera í auknu samstarfi og koma á félagsstarfi fyrir fólk, þá aðallega konur, af erlendum uppruna.

Þýðingar: Kolbrún Björk hefur sinnt þeim þýðingum yfir á ensku og dönsku sem þörf hefur verið fyrir á safninu.

HEIMSENDINGAR

Rannveig Lilja Garðarsdóttir tók við umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins haust 2012. Farið hefur verið á Hlévang og Nesvelli aðra hverja viku og í heimahús og á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja vikulega.

Um 12 lánþegar þiggja heimsendingarþjónustu. Þar að auki hafa starfsmenn haft milligöngu fyrir lánþega með pantanir frá *Blindrabókasafns Íslands* (nú Hljóðbókasafn Íslands). Um 31 lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hlévangi eru þeir um 10.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 315 (200)

Nesvellir: 489 (590)

Hlévangur: 50 (150) (hlé var á þjónustunni frá ársbyrjun til hausts 2012)

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja: 90 (200)

Samtals: **944** (1.140)



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐURM

Teymisvinna: Teymi um markaðs- og kynningarmál fundaði formlega tvisvar sinnum, að vori og hausti og ræddi komandi viðburði sem skráðir voru í fundargerðir. Að auki er rætt saman eftir þörfum og þegar nýjar hugmyndir spretta fram sem þarf að framkvæma strax.

Viðburðir á árinu:

Bókasþjall mánaðarlega yfir vetrarmánuðina

Ættfræðikvöld. Ættfræðifélagið fundar á safninu eitt kvöld í mánuði að vetri til

Erlingskvöld í mars var í ár helgað konum en tileinkað Erlingi Jónssyni eins og ævinlega. Brynhildur Heiðar-

Ómarsdóttir flutti erindi um Vilborgu Dagbjartsdóttur, Vilborg sjálf las nokkur ljóða sinna og Fríða Dís

Guðmundsdóttir söng lög og ljóð íslenskra kvenna við undirleik Smára Guðmundssonar. Sóley Birgisdóttir frá

áhugahópi um listasafn Erlings Jónssonar kynnti verk Erlings, Laxnessfjörðrina.

Barnahátíð Sýning frá Myllubakkaskóla á safni og í göngugötu.

Bókasafnsdagurinn var haldinn hátíðlegur 17. apríl. Margt var til gamans gert; safnið skreytt, vakin athygli á vali á barnabók ársins, uppáhaldsbók viðskiptavina tekin fram, gestum gafst kostur á að taka þátt í ritun smásögu, boðið var upp á söng og upplestur, lánþegi ársins var útnefndur og við sýndum veðlaunastuttmynd og myndir úr ljósmyndasamkeppni Upplýsingar á skjá. Mikið líf á safninu og ánægja með daginn. Boðið var upp á veitingar.

Safnahelgi á Suðurnesjum 11/3

Fjölmenningsdagur í Reykjanesbæ var haldinn hátíðlegur þann 5. maí

Bókmenntaganga í heilsu- og forvarnarviku í Reykjanesbæ. Starfsfólk bauð bæjarbúum í bókmenntagöngu þar sem staldrað var við bernskuheimili rithöfundanna, á bókasafnsslóðum og við staði sem fjallað er um í sögum og ljóðum og lesið brot. Gangan hófst og lauk á safninu og göngufólki var boðið upp á léttar veitingar í lokin.

Viðburðurinn var vel heppnaður og gestir lýstu yfir ánægju með hann. Vilji til að endurtaka frá nýjum heimkynnum haustið 2013.

Uppskeruhátíð sumarlestur 8. september, á alþjóðlegum degi læsis og var Ragnheiður Gestsdóttir gestur okkar

Bleikur dagur á Bókasafninu í minningu látinna samstarfsvenna. Starfsfólk klæddist bleiku og vakti athygli á bleikum bókum. Dagurinn var innan átaks Krabbameinsfélags Íslands gegn brjóstakrabbameini.

Fræðslufundur um þjóðbúninga í samstarfi við Byggðsafn Reykjanesbæjar haldinn 24. október.

Bangsadagur 26/11 í tilefni alþjóðlegs bangsadags sýndum við bókasafnsbangsa og bækur um bangsa.

Bókakonfekt fyrsta sunnudag í desember varð ein stór kvennasamkoma því ekkert gekk að fá karlriðhöfunda til að kynna nýútkomnar bækur. Þeir höfundar sem kynntu verk sín voru Auður Ava Ólafsdóttir, Gerður Kristný, Marta Eiríksdóttir og Steinunn Sigurðardóttir. Jólaseriurnar, 4 sópransöngkonur og þverflautuleikarar, fluttu tónlist milli upplestra. Boðið upp á kaffi og konfekt í hléi.

Bókajólatré var formað í króknum gegnt afgreiðslu og voru notaðar í það um 300 bækur. Bókajólatréð setti svip á Bókasafnið í desembermánuði og vakti lukku.

Upplestur á Nesvöllum. Starfsfólk hefur undanfarin ár verið beðið að lesa upp úr nýútkomnum bókum fyrir íbúa Nesvalla, gesti og þjónustuþega dagdvalar aldraðra.

Bréfamarabon Amnesty International í desember

Kynning á bókmenntaarfinum: Bókasafnið í samstarfi við önnur almenningabókasöfn á svæðinu fékk styrk frá Menningarráði Suðurnesja til að kynna bókmenntaarfinn. Haldin var kynning á Gunnari Gunnarssyni í Vogum, Vilborgu Dagbjartsdóttur í Reykjanesbæ (Erlingskvöld), Elías Mar var kynntur í Grindavík og Guðrún Eva Mínervudóttir í Garði. Af óviðráðanlegum orsökum féll fyrirhugað bókmenntakvöld í Sandgerði niður.

Fornbókmenntanámskeið: 2 fornbókmenntanámskeið voru haldin á árinu, Laxdæla var lesin saman á vorönn og fyrri hluti Njálu á haustönn. Þorvaldur Sigurðsson, íslensku- og bókmenntafræðingur, fór fyrir námskeiðunum.

Sýningar: Dásemd kvenna var útgangspunktur Góusýningar sem haldin var á Góu í samstarfi við Byggðasafn Reykjanesbæjar. „Konur eru pipar í lífsins plockfiski,“ sagði Matthías Jochumsson um árið.

Ferlingarsýning: Starfsfólk sýndi myndir, minningar gjafir og muni frá eigin ferlingardegi.

Myllubakkaskóli sýndi verk barna úr myndmennt, textílmenn og smíðum innan veggja Bókasafnsins og í göngugötu á Listahátíð barna.

Byggðasafn Reykjanesbæjar var með nokkrar sýningar á munum úr sínu safni m.a. gömul rakstursáhöld.

Ljósanætorsýning safnsins í ár var sýning á skautbúningi bæjarins og sagt frá fjallkonum liðinna ára í samstarfi við Byggðasafn Reykjanesbæjar. Birna Huld Helgadóttir kjólaameistari sýndi baldýringu.

Sýning á Þrívíddarmyndum Helgu Ingólfsdóttur og Þóru Jónsdóttur í desember

Auglýsingatorg: Auglýsingar viðburða og tilkynningar eru senda inn á auglýsingatorg Reykjanesbæjar.

Greinar og erindi: Grein um þjónustu og viðburði Bókasafnsins birtist í Víkurfréttir 21. júní. Tilkynningar og fréttir frá safninu sem þangað eiga erindi voru sendar á vef Reykjanesbæjar og til Víkurfréttar, sem birtust bæði á vef blaðsins og í blaðinu sjálfu.

Póstlisti: Starfsfólk hefur boðið viðskiptavinum að vera með á póstlista til að fá fréttir af viðburðum og frá þjónustu safnsins. Vel á 100 netföng hafa safnast og er póstlistinn notaður í markaðssetningarskyni.

Hönnun og önnur markaðssetning: Ýmsar leiðir eru notaðar til kynningar á starfsemi safnsins og safngöngum, sem og við að hvetja íbúa til aukins lestrar og notkunar á safni. Auk greinaskrifa og erinda eru auglýsingar og bókamerki búið til á staðnum í markaðssetningarskyni. Aðkeypt þjónustu er notuð í litlu mæli, en í ár voru keyptir blýantar til gjafa en þeir eru allir með áletruninni Bókasafn Reykjanesbæjar – heilsulind hugans og merki

TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

Tölvueign: 16 tölvur eru nú í eigu safnsins, þar af 4 nettölvur fyrir gesti með prentara og 2 Gegnis-leitartölvur. Aðgangur að þráðlausu neti er einnig í boði. Nokkrum tölvum var skipta út fyrir nýjar, einnig var bætt við einum þráðlausum punkti á árinu.

Forrit og kerfi: Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 7. Tvö netkerfi eru í notkun á safninu; eitt fyrir netkaffið og þráðlausa netið og eitt kerfi fyrir starfsmenn sem er það sama og starfsmenn bæjarins nota. Bókasafnskerfið Gegnir (Aleph) er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Ný leitargátt leitir.is var tekin í notkun á árinu. Í Gegni (Aleph) fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar og mestur hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir (Aleph). Önnur forrit eru Adobe Photoshop, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes.

UPPLÝSINGAEILD

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir: Starfsemi Upplýsingaeildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu við þá sem leita eftir upplýsingum og heimildum en er jafnframt fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingaeildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu.

Starfsfólk upplýsingardeildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, því býður upplýsingaeild viðskiptavinum upp á notendafræðslu. Lögð var áhersla á að kynna leitir.is sem ný leitargátt. Þar er einnig hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum s.s hvar.is og timarit.is og ljósmyndir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Á árinu 2012 varð fækkun á skráðum heimildaleitum og skýrist það á styttri viðveru bókasafnsfræðinga á upplýsingavakt. Skráðar beiðnir um heimildaleit: 285 (fækkar um 49 frá síðasta ári)

Millisafnalán: Eitt af markmiðum með samskrá bókasafna í Gegni var að auðvelda öllum aðgang að bókakosti landsins. Á árinu var tekinn í notkun millisafnalánabáttur Gegnis. Fjöldi millisafnalána jókst frá árinu á undan (um 117) en útlánum fækkaði lítillega til annarra stofnana.

Tölur um millisafnalán 2012 eru eftirfarandi:

Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum	31
Millisafnalán til annarra bókasafna	384
Lán til annarra stofnana s.s. skóla	3.117
Lán til skipshafna (skipakassar)	562
Millisafnalán frá Þjóðskjalasafni alls	75 öskjur

Handbækur: Handbókasafnið er í sífelldri þróun og endurskoðun. Áfram var háskólanemum boðið upp á skammtímalán (þriggja daga lán) á völdum handbókum safnsins og hefur það gefist vel.

Notendafræðsla: Notendafræðslan hefur farið hægt á stað en hún er hugsuð sem viðbót við þjónustu upplýsingaeildar. Þannig gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. 4 lánþegar nýttu sér þessa þjónustu á árinu.

Upplýsingavakt: Stefanía, Þór og Ragnhildur sinna upplýsingavakt á bókasafninu. Því miður hefur sá tími styst sem upplýsingavaktin er mönnuð en nauðsynlegt er að manna vaktina allan opnunartíma safnsins í ljósi fjölgunar námsmanna á svæðinu. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirsurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

ÚTLÁNADEILD

Verksvið: Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanaþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við sjúkrahúsið og dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavini, aðstoða viðskiptavini við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögum um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Útlán: Útlán frá afgangi safns árið 2011 voru 101.591 (107.134). Það gera 710 bækur á dag að meðaltali inn og út. Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls 944 (1.140). Útlán til grunn- og leikskóla

(koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 7.950 (8.959). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 619. Flest útlán voru í júlí alls 9.427 eintök. Nánari tölfræði er ekki enn komin úr Gegni. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir veturinn / 45 klst á viku yfir sumarið (45 /45) 286 (252) daga á árinu.

VEFUR SAFNSINS OG FACEBOOK

Teymisvinna: Eftir mótun bæði vefs og Facebook síðu á undanförunum árum eru málin í föstum skorðum. Ekki er boðað til fundar nema þörf sé á.

Vefur: Vefur Bókasafnsins á slóðinni www.reykjanesbaer.is/bokasafn er að mestu óbreyttur og upplýsingar þar inni eru uppfærðar eftir þörfum, s.s. viðbætur við safnlista, nýjungar í starfi innan safns og í bókasafnsgeiranum, breytingar á opnunartíma og gjaldskrá. Fréttaskrif eru regluleg sem og innlegg eins og Textinn, skemmtileg tilvitnun um bækur og lestur og Bók mánaðarins í þremur aldursflokkum. Vefurinn er unninn í kerfinu Vefþór 3,8 frá HugurAx.

Fréttaskrif og efnisöflun á vef: Auk fastra liða sem nefndir voru að ofan eru sagðar fréttir úr starfi Bókasafnsins, af safngögnum og úr bókasafnsgeiranum á heimasíðu vefs þegar það á við. Alls 50 fréttir voru skrifaðar árið 2012.

Hönnun og myndvinnsla: Myndataka og myndvinnsla fylgir efnisöflun fyrir vef og Facebook og einnig þegar útbúa þarf nýja auglýsingaborða á vinstri eða hægri hlið vefs. Við myndvinnslu og hönnun er notað forritið Photoshop.

Facebook: Farið er tvisvar til þrisvar inn á síðuna á viku til að athuga innlegg og halda síðunni lifandi með fréttum af bókum, lestri, sýningum og öðru skemmtilegu úr starfi safnsins eða bókasöfnum almennt. Stjórnendur síðunnar eru Svanhildur, Hulda Björk og Kolbrún Björk en Svanhildur sér um utanumhald og innlegg að mestu leiti.

VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Nú er Faxi eina tímaritið sem bundinn er inn af því efni sem gefið er út í sveitarfélaginu.



YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ PPLÝSINGAEILD

Heimsóknir:

Landnemahópurinn frá MSS í kynningu og heimildavinnu
Starfsmenn Leikskólans Bakkabergs
Stjórn SBU

Menningar svið:

Safnstjórafundur vikulega.
Menningarráðsfundir mánaðarlega.

Nám og námskeið:

Aðfangabáttur Gegnis hjá Landskerfum – HBÞ, SG
Einelti – allir starfsmenn
Fræðslufundur skrásetjara í mars og nóvember – RÁ
GoPro upprifjun - HBÞ
Laxdæla saga í janúar og febrúar – HBÞ,
Markmiðssetning – RÁ. SG
Morgunkorn Upplýsingar - HBÞ
Njála í september og október HBÞ, RÁ, RG, SG, SE,
Skyndihjálp og brunavarnir – allir starfsmenn
Starfsandinn og vinnugleði – allir starfsmenn
SG og SE í mastersnámi í Opinberri stjórnarsýslu, KBS í mastersnámi í ensku

Ráðstefnur, fundir:

Aðalfundur Landskerfis í júní - HBÞ fulltrúi
Aðalfundur Málræktarfélags Íslands í júní – HBÞ fulltrúi
Afmælishátíð Landskerfis í nóvember – SG, SE
Bókakaffi IBBY - KBS
Fjölmennung – kynning á vegum FRÆ – KBS, HBÞ
Húsnæðismál og flutningar á T12 – nokkrir fundir á árinu
I-vax kynning - HBÞ
Kynning á bókasafnskerfinu Alma í Landsbókasafni - SG
Kynning á starfsbraut FS - HBÞ
Landsfundur Upplýsingar í september – RÁ, SG, SE, KBS
Málstofa á barnabókahátíðinni Matur úti í Mýri í Norræna húsinu - KBS

Rafbókaráðstefna á Grand Hóteli – SE; SG
Ráðstefna um læsi í Gerðubergi – KBS
Ráðstefna um læsi í Norræna húsinu - HBP
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna í Sandgerði - HBP
Samvinna – kynning – HBP, SE
Stefnumótun Landskerfis bókasafna og kynning á bóksafnskerfinu ALMA í desember - HBP
Vinnandi vegur - HBP

Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:

Byggðasafn Reykjanesbæjar - samstarf um ýmis verkefni - HBP
Bókasafnstækninám - starfsmat og vinnustaðanám - HBP í sérfræðihópi
Bækur og móðurmál - HBP í starfshópi
Heilsuvika - KÚMM teymi
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Blindrabókasafn – HBP, SE og KBS
Landskerfi bókasafna – HBP aðalfulltrúi í stjórn mestan hluta árs
Málræktarfélag Íslands – HBP fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi og í varamaður í stjórn
Raddir, samtök um vandaðan upplestur – SE í félagsráði samtakanna
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gagnis – HBP
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - HBP
Samstarf forstöðumanna bókasafna í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og á Seltjarnarnesi - HBP
Samráðsfundir framhaldsskólabókavarðar – SG fulltrúi
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna – HBP fulltrúi
Starfsþjálfun í samstarfi við FS, Samvinnu og Björgina. – 3 nemendur
Stýrihópur um fjölmenningu í Reykjanesbæ – HBP fulltrúi menningarsviðs
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

Starfsmannafundir, starfsmannamál:

Hópavinna – teymi um málefni/verkefni funduðu eftir þörfum
Starfsmannafundur –6 fundur á árinu
Starfsmannasamtöl fóru fram í febrúar
Starfsmannafundur menningarsviðs 2 fundir á árinu
Vorfagnaður starfsfólks menningarsviðs 6/6
Aðventukvöld menningarsviðs 22/11

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ KEILI

Hagnýtar upplýsingar: Stefanía Gunnarsdóttir (SG), bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á bókasafninu alla daga nema föstudaga. Þór Fjalar Hallgrímsson (PFH), bókasafns- og upplýsingafræðingur vinnur á föstudögum í Keili. Þór og Kolbrún hafa leyst Stefaníu af ef þess þarf. Aðsetur bókasafns Keilis er í miðrymi Keilis, Grænásbraut 910 – Ásbrú. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10-16 alla skóladaga.

Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2012. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bóksafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að nemendur Keilis fá frí lánþegaskirteini, upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit og safnkennslu í upplýsingalæsi. Bókasafns- og upplýsingafræðingur sér um skipulagningu og innleiðingu á skjalakerfi fyrir Keili.

Hlutverk bókasafns Keilis: Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í faglegri upplýsingaþjónustu, leiðbeiningum við heimildaleit, leiðbeiningum við upplýsingalæsi, úrvinnsla heimilda, útlán og námsaðstoð.

Eintakatölur bókasafns Keilis í árslok 2012: **4.142**, þar af bækur 3.660. Árið 2011 var heildarfjöldi 2.770, þar af bækur 2.641. Útlán voru **515**. Millisafnalán á árinu voru **12**, 2 beiðnir frá öðrum söfnum, 10 fyrir Keili.

11 nemendur notuðu sér notendafræðsluna.

Áherslur bókasafns Keilis: Farið var í þarfagreiningu fyrir skjalamál Keilis. Skjalakerfið One Systems var tekið í notkun á haustmánuðum og innleiðing hafin. SG heldur utan um verkefnið. Það þarf að gefa sér a.m.k. tvö ár í innleiðinguna. Áfram hafa borist margar og góðar bóka- og tímaritagjafir á safnið. Bækur um fjármál og framleiðslustjórnun bárust frá bókasafninu í Grundafirði. Safnið fékk 41 tæknifræðibækur að gjöf frá sendiráði Bandaríkjanna. Fleiri bækur bárust frá Orkustofnun og það kom vegleg gjöf af flugbókum. Flugmálastjórn gaf kassa af tímaritum um flugmál. Þjóðskjalasafn sendi safninu plakat af Jóni Sigurðssyni að gjöf.

Halðnar eru kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis.

Námskeið og fundir: Janúar: námskeið í markmiðasetningu með Ingrid Kuhlmann; farið í heimsókn á bókasafnið í HR. fyrirlestur um opinber vinnuskjöl og heimsókn í HR. Kynnti millisafnalánin og starfsemina; námskeið hjá Landskerfum í aðfangabætti.

Mars: ráðstefna Upplýsingar, fjallað um rafbækur og bókasöfn. vinnustofa um vandamál í skráningu í Landsbókasafni. Skyndihjálparnámskeið.

Apríl: I-pad vinnubúðir, námskeið í starfsánægju frá 9-12.

Maí: heimsókn í LHÍ til þess að skoða hvernig þeir kynna safnið sitt. vorferð með SBF til Vestamannaeyja. Fundað í framhaldsskólanum.

September: ráðstefna upplýsingar í tvo daga.

Október: vinna í Gæðaráði Keilis hófst. Silja frá HS kom og fór yfir ýmis atriði í One System.

Birgir frá hvar.is kom í tæknifræðina og kynnti leit í gagnasöfnum.

Desember: kynning á bókasafnskerfinu Alma í Landsbókasafni; heimsókn í HR til að kynna mér Zotero heimildaskráningakerfi.

Annað: Fundir hjá kennsluviði alla miðvikudaga; starfsmannafundur hjá Bókasafni Reykjanesbæjar og Keili; fundir hjá bókasafnsfræðingum í framhaldsskólum; Fundir um skjalamál Keilis, fundir hjá gæðaráði Keilis.

Kynningar:

5. janúar - kynning á heimildaleit og þjónustu bókasafns Keilis fyrir fjarnemendur (ca 110)

7. ágúst - kynning á bókasafninu og þjónustu þess fyrir nýnema í tæknifræði.

20. ágúst - kynning á bókasafninu og þjónustu þess fyrir nýnema í háskólabrú.

Á Bókasafnsdeginum 17. apríl var bókasafnið skreytt með blöðrum og nemendum gefin bókamerki og sælgæti í tilefni dagsins. Lesið inn og sett á netið kynning og kennsla á leitir.is fyrir nemendur í háskólabrúar.

Tekinn var upp fyrirlestur frá Birgi Björnssyni frá hvar.is fyrir nemendur í tæknifræði.

Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónarmönnum verkefna.

Gjört í febrúar 2013

Hulda Björk Þorkelsdóttir

forstöðumaður

